

þæþʏn
4680


Helgustaðahreppur

HELGUSTAÐAHREPPUR SUÐUR-MÚLASÝSLU



Á Karlsskálarett. Fylli texti á bls. 77.

Helgustaðahreppur séður úr Hólmanesi. Svartafell t. v., Snæfugl t. h. Skelleyri og hornið á Hólmaborg fremst á myndinni.



En er þá ekkert vitað um landnám á þessari fornu Útsveit Reyðarfjarðar?

Ójú. Landnáma greinir svo frá: „Þórir hinn hávi og Krumur, þeir fóru af Vors til Íslands, og þá er þeir tóku land, nam Þórir Krossavík á milli Gerpis og Reyðarfjarðar. Þaðan eru Krossvíkingar komnir.

En Krumur nam land í Hafranesi og til Þernuness og allt hið ytra, bæði Skríðey og aðrar úteyjar og þrjú lönd öðrum megin gegnt Þernunesi. Þaðan eru Krymplingar komnir.“

Framhald af myndatexta við Karlsskálarétt:

Fólkið á réttarveggnum, talið frá vinstri: Sighvatur Gunnlaugsson vinnum. Karlsskála, Stefán Guðnason síðar hreppstj. Karlsskála, Björn Eiríksson bóndi Karlsskála, Hans Beck bóndi og hreppstj. Sómasiðdum, Þorleifur Stefánsson Karlsskála, Sigríður Björnsdóttir Karlsskála, Magnús Sveinsson jóstursonur Kömbum, Eiríkur Guðnason síðar sjóm. Karlsskála, Margrét Þorsteinsdóttir jóstur dóttir Kömbum, Jón Björnsson (fyrir framan Margréti) síðar húsgagnasm., Ólöf Danielsdóttir jósturd. Kömbum (fyrri kona Richards Beck), Sigurbjörg Björnsdóttir (Stephensen), Gunnlaugur Björgólfsson bóndi Kömbum, Þórunn Vilhjálmsdóttir jósturd. Kömbum, Guðlaug Jónsdóttir jósturd. Kömbum. – Í réttinni: Stefán Jónsson faðir Jónínu á Karlsskála (með svarta húfu), Jón Benjamínsson vinnupiltur Karlsskála, Guðni Eiríksson bóndi Karlsskála, Eiríkur Björnsson síðar læknir (fyrir framan Jón Benjamínsson), Ágúst Guðjónsson smali, síðar póstaígrm. Reyðarfirði.

Sú Krossavík, sem hér er nefnd, er sú sem við í dag nefnum Vöðlavík. En náði landnám Þóris háva ef til vill inn í Reyðarfjörð? Engu verður slegið föstu í því efni, en vel mætti láta sér til hugar koma, að Krossanesið hefði fylgt þessu landnámi a. m. k.

En hvað um landnám Krums á Hafranesi? Gæti það komið þessu máli við?

Hann nam „þrjú lönd öðrum megin gegnt Þernunesi –“ Sumir fræðimenn hafa viljað halda því fram, að hér sé átt við lönd inni í Fáskrúðsfirði hinum megin við fjallið. Gegn því standa orð Landnámu, er segir: „Vémundur hét maður, er nam Fáskrúðsfjörð allan og bjó þar alla ævi.“ Við athugun á byggingarbréfi Stóru-Breiðuvíkur frá því um síðustu aldamót kemur í ljós, að Hafranes og Stóra-Breiðuvík eiga gagnkvæm ítök hvor jörð í annarrar landi. Það gæti þó ekki verið arfur frá sameiginlegu landnámi í upphafi?

Krossavík – Vöðlavík

Krossavíkurheitið „sunnan Gerpis“ – „norðan Reyðarfjarðar“ er horfið. Í staðinn kom Vöðlavík. Ekki Vaðlavík. Hin staðlæga mállýska skóp heitið Vöðlavík í stað Vaðla. Verður því að sjálf-sögðu haldið hér. Í þessari fallegu vík eru að